Námsáætlun

Kennari:	**Erling Ó. Aðalsteinsson**
Áfangi/fag:	**ENSK2OF, fræðilegur orðaforði og Bandaríkin**

Stutt lýsing

Áhersla er lögð á vandlegan lestur fjölbreyttra texta til að byggja upp orðaforða. Skriflegar æfingar gerðar til að þjálfa virkan orðaforða. Talmál æft í tengslum við lesefni og hlustunarefni. Málfræði rifjuð upp og sérstök áhersla lögð á þau atriði sem eru ólíkust íslensku. Hraðlesið efni við hæfi nemenda. Áfangamarkmið: Hlustun: Nemandi geti hlustað á samfelldan texta, nýtt sér upplýsingar og lært ný orð. Tal: Nemandi geti tekið þátt í samræðum, sagt frá sér og áhugamálum sínum. Lestur: Nemandi geti lesið margvíslega texta s.s. úr dagblöðum, tímaritum, einfölduð bókmenntaverk og gert grein fyrir þeim munnlega eða skriflega. Ritun: Nemandi geti skrifað stuttan samfelldan texta.

Undanfari: ENSK2AE05

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða sem tengist menningu og þeim menningarheimum þar sem enska er töluð
- flóknari málfræði enskrar tungu
- uppbyggingu mismunandi texta, s.s. blaðagreina, fræðigreina, bókmenntatexta, smásögur o.fl

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig um sitt eigið umhverfi og menningu á ensku
- beita flóknari málfræðireglum í ræðu og riti
- túlka með eigin orðum á ensku efni frá mismunandi miðlum
- tjá sig í ræðu og riti um margvísleg mál frá eigin brjósti
- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt um þekkingu sína
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- taka þátt í samræðum um viðfangsefni áfangans og hugarefni sín

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir skoðun og afstöðu höfunda margvíslegra texta og geta tjáð sig um hana bæði munnlega og skriflega
- lesa milli línanna og átta sig á dýpri merkingu í texta
- taka þátt í skoðanaskiptum á ensku og geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi
- færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrökum, bæði í ræðu og riti
- tengja þekkingu sína og leikni við það umhverfi og menningarheim sem hann býr við

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

American Ways fourth edition (AW), Essential Academic Vocabulary EAV)

Námsmat

Matshlutar	Lýsing matshluta	Vægi
Kaflapróf	Þrjú kaflapróf (3x20%)	60%
Bókmenntir	Verkefni og próf úr smásögum	10%
Verkefni	Kvikmyndaverkefni	20%
Annareinkunn	Vinnusemi, frammistaða	10%
	Samtals:	**100%**
	Lágmarkseinkunn 4.75	

Áætlun:
Til að fá áfanga metin til eininga þarf nemandi að klára eftirfarandi:

Röð verkefna	**Námsefni - viðfangsefni**	**Kaflar/verkefni**	**Athugasemdir/vægi matshluta**
	Kynning á áfanganum.		
	AW1 + EAV1		
	AW2 + EAV2		
	Kaflapróf 1 (AW1 og 2 + EAV1 og 2)		20%
	AW3+EAV3		
	AW4 + EAV4		
	Kaflapróf 2 (AW 3 og 4 + EAV 3 og 4)		20%
	AW5+EAV5		
	AW6 + EAV6		
	Kaflapróf 3 (AW 5 og 6 + EAV5 og 6)		20%
	Kvikmyndaverkefni		20%
	Smásögur og önnur verkefni		10%
	Vinnusemi og frammistaða		10%
		Samtals	100%

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar